



Umhverfis- og samgöngunefnd

152. Löggjafarþing 2021-2022

Þingskjal 825 – 583. mál

Stjórnarfrumvarp

Grindavík 18.05.2022

Varðandi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (Stækkunar virkjana í rekstri)

Vísað er til máls 583 sem er til umfjöllunar í umhverfis – og samgöngunefnd. Um er að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. HS Orka sendi inn umsagnir þegar ofangreint frumvarp var til umsagnar í Samráðsgáttinni og vísar HS Orka í umsagnir sínar dagsettar 18. febrúar og 7. mars 2022 til frekari skýringa.

Þar gerði HS Orka athugasemd við þáverandi breytingu á 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. Þar mældi HS Orka með því að stækkun á virkjun í rekstri umfram eða jafnt og 10 MWe rafafls eða 50 MWth varmaafls, verði almennt undanskilin lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og aðeins í sérstökum tilvikum verði stækkun og/eða aflaukningu beint til meðferðar í rammaáætlun til dæmis þegar stækkun felur í sér viðamiklar framkvæmdir með tilheyrandi riski á nýju svæði eða hefur í för með sér vinnslu á nýjum auðlindarstraumum sem ekki er unnið með á svæðinu. Ýmsar ástæður geti legið að baki stækkunum eða aflaukningu virkjana og yfirleitt fylgja því takmarkað risk á virkjunarsvæðinu. Má þar nefna t.d. nýja og/eða bættari tækni, betra efnisval, aukin geta auðlindar, endurnýjun og endurhönnun eldri virkjunarreikninga o.fl. Fullnægjandi ætti að vera að slík stækkun/aflaukning lúti reglum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, en stækkun sem fer yfir 10 MWe er alltaf matsskyld og minni stækkunar eru tilkynntar inn til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Hvort tveggja lýtur svo reglum um aðal- og deiliskipulag sveitarfélags.

Ákvæðinu var breytt eftir umfjöllun í Samráðsgátt og er nú eftirfarandi: „Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun sem sökum stærðar fellur undir verndar- og orkunýtingaráætlun nema stækkunin feli í sér að svæði sem ekki hefur verið raskað af viðkomandi virkjun verði raskað að mati Orkustofnunar.“

Að mati HS Orku girðir ofangreint orðalag ekki fyrir að stækkunarverkefni virkjana í rekstri lendi inni í rammaáætlun án þess að réttmætt eða sanngjarnt sé. Er HS Orka þá að horfa til markmiða rammaáætlunarlaganna um að „ tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati...“ (1. gr. Laga 2011 nr. 48).

HS Orka horfir til þess að afmörkun landsvæða fyrir virkjanir í rekstri hvílir á

- a) **samþykktu aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélags,
- b) **nýtingarleyfi** Orkustofnunar um nýtingu jarðhita og
- c) **virksunarleyfi** Orkustofnunar fyrir rafmagnsframleiðslu.



HS ORKA

Á þessum þrjúþætta grunni hvílir öll mannvirkjagerð og nýting auðlinda á viðkomandi landsvæði auk framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarfélags. Á öllum stigum rannsókna, auðlindanýtingar og mannvirkjagerðar fara verkefni orkuvinnslu gegnum opinbera umfjöllun skipulagsgerðar, umhverfismats og leyfisveitinga. Í ferlum þessum eru kærumöguleikar víða, hafi brotalöm verið á efnislegri umfjöllun eða stjórnslu ábótavant, til að tryggja bestu umgjörð nýtingar og nauðsynlegrar mannvirkjagerðar. Við teljum því að stækkun sem heldur sig innan svæðisafmörkunar á þessum þrjúþætta grunni eigi ekki erindi inn í rammaáætlun enda ekki séð hvað fagnefndir verkefnisstjórnar eigi að meta þegar landsvæði sem þegar er í nýtingu á í hlut.

Við teljum að undanþáguskilyrði mætti orða á eftirfarandi hátt, 2. málsliður 3, mgr. 3.gr.:

„Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun í rekstri sem starfrækt er á grundvelli samþykktis aðalskipulags, nýtingarleyfis og/eða virkjunarleyfis nema stækkunin kalli á verulegar breytingar á afmörkun þess landsvæðis sem aðalskipulag og nýtingar- og/eða virkjunarleyfi hafa ætlað fyrir nýtingu og vinnslu viðkomandi virkjunar.

Undirritaður er meira en fús til að mæta fyrir nefndina til að ræða frekar og skýra.

Virðingarfyllt,

f.h. HS Orku hf.

Ásbjörn Blöndal
Framkvæmdastjóri þróunar- og auðlindasviðs